

Sp.

36. Fyrirspurnir.

[35. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um akbrautir milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

- A. Hvað líður undirbúningi að lagningu nýrra akbrauta frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar?
- B. Er að vænta frekari bráðabirgðaráðstafana af hálfu vegamálastjórnarinnar til þess að bæta úr því umferðaröngþveiti, sem nú ríkir á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar?

II. Til samgöngumálaráðherra um bifreiðaferju á Hvalfjörð.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað líður gerð áætlana um bifreiðaferju á Hvalfjörð, sem Alþingi fól ríkisstjórninni að láta gera, sbr. þingsályktun frá 19. apríl 1963?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um hjúkrunarmál.

Frá Gils Guðmundssyni.

- 1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar vegna skorts á hjúkrunarfólki í sjúkrahúsum?
- 2. Hvenær er gert ráð fyrir, að Hjúkrunarskóli Íslands geti tekið að fullu til starfa í nýjum húsakynnum?
- 3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja Hjúkrunarskólanum næga kennslukrafta í náinni framtíð?